

## 2. gr.

5. töluliður 1. kafla viðauka 1 orðast svo: Allan fisk, annan en þann sem selja á lifandi, skal blóðga, slægja, þvo og kæla þannig að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið innbyrtur. Sé afla landað daglega er þó heimilt að koma með óslægðan fisk að landi, enda hafi hann undantekningarlaust verið blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt, þ.e. að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið veiddur. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst er þó ekki heimilt að landa óslægðum fiski á laugardögum og sunnudögum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu ef sýnt er óyggjandi fram á að tryggt sé að uppfyllt séu skilyrði um slægingu í landi eins og kveðið er á um í reglugerð þessari.

## 3. gr.

2. töluliður kafla I viðauka 4 orðast svo: Sé afla landað daglega er heimilt að koma með aflann óslægðan að landi, enda sé hann undantekningalaust blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt þ.e. að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið veiddur. Slæging, þvottur og ísun skal fara fram við fyllsta hreinlæti svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 12 klst. eftir löndun. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst er þó ekki heimilt að landa óslægðum fiski á laugardögum og sunnudögum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu ef sýnt er óyggjandi fram á að tryggt sé að uppfyllt séu skilyrði um slægingu í landi eins og kveðið er á um í reglugerð þessari.

## 4. gr.

1. málslíður 4. töluliðar viðauka 8 orðast svo: Flutningatæki sem notuð eru til flutnings á afla eða fiskafurðum skulu vera lokuð. Þau skulu vera þannig gerð og útbúin að unnt sé að halda afla eða fiskafurðum við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari meðan á flutningi stendur.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. maí 2000.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## SAMÞYKKT

**um afgreiðslu byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar,  
skv. skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum önnur en gerð skipulagsáætlana, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og hverfa.

## 2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að þremur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingarstjóri og iðnmeistarar sem ábyrgð bera, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingarframkvæmdanna hafi verið greidd.
3. Undirritaðir hafi verið byggingarskilmálar.

## 3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í skipulags- og byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar, en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu, en skulu hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar með sama hætti og aðrar bókanir byggingarnefndar. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindis skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

## 4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og ákvæði skipulagsreglugerðar og byggingarreglugerðar.

## 5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synji að afgreiða erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnáslögum nr. 37/1993. Skulu slík kærumál send til bæjarstjóra Sveitarfélagsins Árborgar. Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. og 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

## 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfísráðuneytinu, 30. maí 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Smári Þorvaldsson.*